

Botnvörpungar

1880 - 1900

Bretar þróuðu botnvörpuveiðar á seglatogurum á Norðursjó. Gufuskip voru stundum notuð til að draga seglskipin, en síðar komu fram fyrstu gufuknúnu togarnir. Árið 1889 varð fyrst vart við breska togara á Íslandsmiðum. Alþingi brást við með því að banna botnvörpuveiðar innan 3ja mílna landhelgi, en yfirvöld gátu ekki framfylgt því. Breskir togarar færðu sig vestur með suðurströndinni og fundu fljótlega auðug kolamið á Faxaflóa.

Íslenskir fiskimenn kvörtuðu sáran undan yfirgangi breskra togara á bátamiðum. „Þeir haga sér eins og rándýr, sem ekki þekja annað en náttúrulögmálið, rífa allt í sig sem tönn á festir, meðan ekki kemur annað þeim máttarmeira,“ segir í blaðinu Ísafold árið 1896. Bresku togarnir sóttust fyrst og fremst eftir flatfiski og hentu oft öðrum fiski fyrir borð. Það var kallaður „tröllafiskur“, þegar íslenskir fiskimenn á árabátum fengu þorsk frá togurum.

Oft voru ráðnir íslenskir fiskiskipstjórar við hlið erlendra skipstjóra á fyrstu togarana við Ísland. Fiskiskipstjórnir voru oftast skútuskipstjórar sem þekktu vel til veiðislóðarinnar.



Neðstikaupstaður um 1885

